



Vilt þú ganga í Félag eldri borgara?

Þá talar þú við einhvern úr stjórninni og þetta gengur í gegn á augabragði. Eina inntökuskilyrðið er að vera orðinn 60 ára.

Stjórn FEBH

Formaður	Hrafnhildur S. Björnsdóttir	557-1081
Varaformaður	Pálína Snorradóttir	483-4445
Ritari	Jóhann Gunnarsson	561 7578
Gjaldkeri	Egill Gústafsson	892-7790
Meðstjórnandi	Gústaf Óskarsson	456-4104
Varastjórn:	Jóna Eiríksdóttir Kristbjörg Markúsdóttir	

**Haustfundur félagsins verður fimmtudaginn 8.
september kl. 14.00 í Þorlákssetri.**

Frábært tækifæri til að kynnast félaginu og félögum!

Fréttabréf Félags eldri borgara í Hveragerði



September 2011

Tilgangurinn með þessu fréttabréfi er að kynna starf Félags eldri borgara í Hveragerði fyrir öllum bæjarbúum 60 ára og eldri og hvetja þá til að taka þátt í fjölbreyttu starfi þess. Stjórn félagsins hefur sett saman dagskrá fyrir fasta liði vetrarstarfsins, hún fylgir þessu fréttabréfi. Dagskráin er byggð á hefð undanfarinna ára, en ávallt er reynt að hlusta eftir því sem félagsmenn vilja gera. Félagið er fyrir ykkur, ágætu eldri Hvergerðingar; ef ykkur líkar ekki það sem við erum að gera, komið þá og hafið áhrif á starfið. Reyndar er líka gott að heyra hvað líkar vel.

Við leyfum okkur að benda á að margir sem hingað hafa flutt á efri árum hafa fundið í félaginu allt í senn skemmtilegan félagsskap, tækifæri til að sinna áhugamálum sínum og möguleika til að rækta heilsuna.

Félagið okkar telur um 200 féлага, og þeim má gjarnan fjölga. Við erum svo heppin að eiga félagsheimilið Þorlákssetur, sem er uppi yfir heilsugæslunni og apótekinu að Breiðumörk 25b. Þar fer mest allt félagsstarfið fram, en við njótum einnig aðstöðu hjá Náttúrulækningafélaginu og Hveragerðisbæ. Sem fyrr segir fylgir stundaskrá yfir reglulega viðburði þessu fréttabréfi. Auglýsingar um aðra viðburði birtum við í vikublaðinu Dagskránni og á vefsíðu félagsins, www.hvera.net.

Afþreying

Í hverri viku yfir veturinn er á dagskrá föndur og handavinna, spil, félagsvist og bingó, boccia, útskurður og pútt. Ef tækifæri býðst til að halda stutt námskeið í öðru handverki eða listum verða þau auglýst sérstaklega á Netinu og í Dagskránni.

Heilsuefning

Á dagskrá eru vikulegir göngutúrar, vatnsleikfimi og jóga. Eldri kynslóðin fær frítt í sundlauginu í Laugaskarði og á vissum tímum fáum við að nota tækjasalinn án endurgjalds.

Menning

Bókmenntahópur hittist á mánudagsmorgnum. Þar lesa þátttakendur hver fyrir annan sjálfvalið efni í 20 mínútna lotum. Fimmtudagsfundirnir eru kallaðir rabbfundir, en þar koma gestir okkur til fróðleiks og skemmtunar eða þá að brugðið er góðri bíómynd í spilarann. Nokkrum sinnum hvern vetur er farið til Reykjavíkur í leikhús og bíó. Fastur liður nokkur undanfarin ár hefur verið ferð á Vínartónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Kórinn Hverafuglar

æfir einu sinni í viku, undir stjórn Gróu Hreinsdóttur. Nýir félagar eru mjög svo velkomnir í kórinn. Ekki er krafist kunnáttu í nótnalestri og hver og einn velur sína rödd. Fyrsta æfing vetrarins verður miðvikudaginn 14. september klukkan 13.00 í Þorlákssetri. Upplagt er fyrir áhugasama að koma þá og kynna sér málið.

Ferðir

Farið er í nokkrar hópferðir hvert sumar og eina fimm daga ferð. Sumarið 2011 var til dæmis farið um Vestfirði.

Fundir

Almennir fundir eru fjórir hvert ár, haustfundur, þar sem línur eru lagðar fyrir vetrarstarfið, jólagleði, aðalfundur og vorfundur, en með honum lýkur vetrarstarfinu.

Sparidagar

Fastur liður í dagskrá sparidaga á Hótel Örku er heimsókn á þriðjudagsmorgni til okkar í Þorlákssetu þar sem gestir fá kaffisopa að undangenginni gönguför um bæinn undir leiðsögn nokkurra félaga okkar. Þessar heimsóknir eru gullið tækifæri fyrir eldri Hvergerðinga til að hitta vini sína úr öðrum byggðarlögum, enda alltaf vitað fyrirfram hvaðan af landinu sparidagagestir koma hverju sinni.

Heimasíða og tölvupóstur

Á heimasíðu félagsins, <http://www.hvera.net>, er kappkostað að birta upplýsingar um félagslífið, félagatal, myndir úr starfinu og hvaðeina annað félaginu viðkomandi. Tölvupóstfang félagsins er febh@hotmail.co.uk. Félagsmenn sem hafa tölvupóst geta með því að koma upplýsingum um pósthfang sitt til ritara félagsins fengið tilkynningar um starfið í tölvupósti.

Annað

Það er orðin hefð að félagið hafi opið hús í Þorlákssetri á Blómstrandi dögum. Undanfarin ár hafa verið haldnar sýningar tengdar menningu Hvergerðinga, og er vonast til að framhald verði á því. Þorablótið er fastur liður á dagskránni. Síðastliðinn vetur var það haldið í Hótel Hveragerði enda rúmar Þorlákssetu ekki lengur þann fjölda sem blóta vill.

Af ofantöldu má sjá að starfið er fjölbreytt og flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Styrkur félagsins felst í því að félagarnir séu viljugir að taka þátt í starfinu. Komið sem flest og sem oftast.

Stjórnin óskar ykkur öllum góðrar heilsu og farsældar á komandi vetri, sem vonandi verður mildur og skemmtilegur í hópi eldri kynslóðarinnar.